

Orkudrykkurinn sem fyllir nýbornar kýr krafti

Lausnin:

Orkudrykkurinn – FARM-O-SAN Reviva

Orkudrykkurinn Reviva inniheldur aðgengileg og auðmelt orkuefni sem nýtast hinni nýbornu kú hratt. Hún verður líflegri og kemst hraðar í gang með áti á gróffóðri. Í tilraunum hefur komið fram að drykkurinn er mjög lustugur. Yfir 94% af kúm drekkur hann án erfiðleika.

Mörg tilfelli af doða eru dulin en leiða engu að síður til vel þekktra vandamála svo sem fastra hilda, vinstrarsnúnings og jógurbólgu, auk þess sem kýrnar verða almennt daufar og veikburða. Til að vinna gegn þessu inniheldur orkudrykkurinn Reviva mikið magn af auðmeltu kalki sem nýtist kúnni á fyrstu dögum eftir burðinn.

Orkudrykkurinn Reviva inniheldur einnig vítamín og stein- og snefilefni sem almennt styrkja ónæmiskerfi kýrinnar

- Hraður bati með tafarlausri tilfærslu á næringarefnum.
- Bætir upp vökvatap og hindrar vinstrarsnúning.
- Bætir úr kalkskorti.
- Vinnur gegn doðaeinkennum. Vítamínskot sem styrkir
- ónæmiskerfi kýrinnar.

Stjórnun á kúabúi getur verið vandasöm. Heilsufarsvandamál hafa mikil áhrif á afurðahæfni kúnna og geta haft afgerandi þýðingu fyrir rekstrarlega niðurstöðu búins. Það er því mikilvægt að hafa aðgang að hagkvæmum og góðum lausnum fyrir kálfa og kýr.

FARM-O-SAN bætiefnalínan er hönnuð til þess að takast á við raunveruleg vandamál í búskapnum.

Heilsufarsvandamál sem þarfnast úrlausnar:

Að koma kúnni í gang eftir burð

Burðurinn er í sjálfu sér mikið erfiði fyrir kúnna og mikið breytingaskeið í efnaskiptum hennar. Mjólkurframleiðslan sem fer í gang í kjölfar burðarins krefst þess að mikið magn af kalki sé aðgengilegt. Geti kýrin ekki losað nægilegt magn af kalki kemur fram kalkskortur sem lýsir sér í allt frá vægum doðaeinkennum og yfir í doða. Að auki missir kýrin mikinn vökva og þarf að nota mikla orku til þess að komast í gegnum burðinn. Þessa þætti þarf að bæta upp aftur, ellegar verður kýrin veikburða og dauf. Hraður bati eftir burð skilar sér margfalt í betri byrjun á mjólkurskeiði og meiri afurðum.

Megininnihald orkudrykksins Reviva er:

Þrúgusykur, mysufluft, auðmelt kalk, elektolyta, sýrur, vítamín, steinefni og lífrænt bundin snefilefni.

Orkudrykkurinn Reviva inniheldur á kg fóðurs:	
A vítamín	840.000 a.e.
D vítamín	18.000 a.e.
E vítamín	2.700 a.e.
C vítamín	8.500 mg
Beta- karotín	200 mg
Kalk	45 g

Orkudrykkurinn Reviva fæst í aðgengilegum pakkningum, í 7 kg fötum.



Orkudrykkurinn Reviva

Fyllir nýbornar kýr krafti

Notkunarleiðbeiningar:

- Gefið orkudrykkinn Reviva strax eftir burð.
- Blandið 1 kg af orkudrykknum saman við 15 lítra af heitu vatni (40-45°C).
- Bætið svo við 5 lítrum af kaldara vatni og náði þannig 25-30°C hita á blönduna.

Hollráð

Notið alltaf heitt vatn til þess að blanda Reviva orkudrykkinn. Með því verður drykkurinn lustugri.

Í flestum tilfellum er ráðlagt að gefa drykkinn einungis einu sinni strax eftir burð. Sé kýrin hins vegar veikburða má gefa drykkinn í 2-3 daga, einu sinni á dag. Til að ná sem bestum árangri:

- Sjáið til þess eftir burð að kýrin drekki ekki kalt vatn fyrr en hún hefur drukkið Reviva orkudrykkinn.
- Lagið eingöngu eina blöndu í einu.
- Lokið pakkningum eftir notkun.

Önnur efni í Farm-O-San vörulínunni:

- Calforte Bætir ónæmiskerfi nýborinna kálfa
- Calfstart Góð byrjun fyrir ungkálfinn
- Rediar Áhrifarík meðhöndlun á kálfskitu
- Calcivit-B Kalk- og orkugjafi fyrir kýr

